

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, 58/1995, 38/1998 og 34/1999, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

<i>Nr.</i>	<i>Dags.</i>	<i>Efni</i>	<i>Gildistaka</i>
1/2000	16.11.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001
2/2000	16.11.2000	Breytingar á I. viðauka	01.01.2001
3/2000	16.11.2000	Breytingar á II. viðauka	16.11.2000
4/2000	16.11.2000	Ný bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.